

í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóðs skylt að annast innheimtu kirkjugarðsgjalda gegn sömu innheimtulaunum.

39  
26. apríl

10. gr.

Nú er kirkjugarðsgjald eigi greitt á gjalddaga og má þá innheimta það með lögtaki.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 23. júní 1932, 30. gr. og 38. gr., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Friðgeir Bjarnarson.*

## REGLUR

40  
28. apríl

### um sölu og afhendingu deyfilyfja til geldingar húsdýra.

1. gr.

Lyfsalar og lækna, sem hafa rétt til lyfjasölu, mega afhenda geldingamönnum, sem skipaðir eru samkvæmt lögum nr. 123, 27. desember 1935, um geldingu húsdýra, nauðsynleg deyfingarlyf til þessara aðgerða (svo sem klórálhydrat, klóróform, eter og venjuleg staðdeyfingarlyf, önnur en kókaín), í hæfilegum skömmtum, gegn venjulegum eiturbeiðnum og einnig að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í auglýsingu landlæknis til lyfsala og lækna 19. nóvember 1913 um sölu á eiturefnum til annara afnota en lækninga (sbr. Lögbirtingablaðið 1913, nr. 52).

Dýralæknar landsins gefa mönnum kost á að læra geldingu og meðferð deyfingarlyfja.

2. gr.

Geldingamenn, sem hafa í vörzlum sínum deyfingalyf þau, er um getur í 1. gr., skulu geyma þau í lokaðri hirzlu, er enginn hafi aðgang að nema þeir sjálfir, og hin eldfimu efni fjarri eldi, þannig, að sem tryggilegast sé girt fyrir, að hætta hljóti af þeim. Þeir mega og ekki í neinu skyni láta lyf þessi af hendi til annara.

3. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum, 50—100 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 123, 27. desember 1935, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*